

Stjórn SORPU bs.

Reykjavík 14. apríl 2016

## V/ uppgjors endurvinnslustöðvanna

Eins og kom fram á síðasta fundi stjórnar var rekstrartap af endurvinnslustöðvunum á síðasta ári og nemur upphæðin 50.838.575,-. Þessi umframkostnaður á sér ýmsar skýringar sem áður hefur verið farið yfir.

Í þjónustusamningi SORPU við sveitarfélögin er fjallað um hvað skuli gera með jákvæðan eða neikvæðan mismun eftir hvert reikningsár. Um þetta er fjallað í 9. gr. samningsins:

*„Kostnað sem hlýst af fráviki frá áætluðu magni úrgangs eða förgunar-, endurnýtingar- eða endurvinnslukostnaði skal SORPA innheimta hjá sveitarfélögunum við ársuppgjör. Sé magn úrgangs eða kostnaður við förgun, endurnýtingu eða endurnotkun úrgangs undir áætlun skal SORPA endurgreiða sveitarfélögunum ofgreidd gjöld. Heimilt er að færa vanrukkuð eða ofgreidd gjöld milli ára þ.e. þau leggjast við eða dragast frá gjöldum næsta árs. Kostnaði sveitarfélaganna skal skipta hlutfallslega milli þeirra m.v. íbúatölu hjá hverju sveitarfélagi. Skal miða við íbúatölu hinn 1. desember næstan á undan greiðsludegi. Við ársuppgjör skal miða við sömu hlutfallstölu og viðkomandi rekstrarár.“*

Skv. ofangreindu er heimilt að færa uppgjör milli ára, hins vegar getur það verið varasamt vegna hættu á uppsöfnun, sérstaklega í ljósi þess að magn á endurvinnslustöðvunum hefur vaxið verulega frá áramótu og stefnir í að erfitt verði að finna sparnað í rekstri á móti þessum útgjöldum sem af augljósum ástæðum eru ekki í áætlun ársins. Vitað er hins vegar að staða sveitarfélaganna er mismunandi til uppgjors á þessari skuld þeirra við SORPU bs. Hér eru sett upp nokkur dæmi um hvernig hægt væri að ganga frá þessum málum:

### Dæmi 1, 100% greidd upp í maí 2016

| Sveitarfélag   | Skipting skv. íbúatölu 1. des 14 | Eingreiðsla       |
|----------------|----------------------------------|-------------------|
| Reykjavík      | 57,71%                           | 29.338.942        |
| Kópavogur      | 15,73%                           | 7.996.908         |
| Hafnarfjörður  | 13,21%                           | 6.715.776         |
| Garðabær       | 6,85%                            | 3.482.442         |
| Seltjarnarnes  | 2,09%                            | 1.062.526         |
| Mosfellsbær    | 4,41%                            | 2.241.981         |
| <b>SAMTALS</b> | <b>100%</b>                      | <b>50.838.575</b> |

SORPA bs.

**Dæmi 2, 40% greidd í maí 2016 og 60% greidd í janúar 2017**

| Sveitarfélag   | Skipting    | 40% maí 16        | 60% jan 17        | Vextir*        | Greitt jan 17     |
|----------------|-------------|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|
| Reykjavík      | 57,71%      | 11.735.577        | 17.603.365        | 562.134        | 18.165.499        |
| Kópavogur      | 15,73%      | 3.198.763         | 4.798.145         | 153.221        | 4.951.365         |
| Hafnarfjörður  | 13,21%      | 2.686.310         | 4.029.465         | 128.674        | 4.158.140         |
| Garðabær       | 6,85%       | 1.392.977         | 2.089.465         | 66.724         | 2.156.189         |
| Seltjarnarnes  | 2,09%       | 425.010           | 637.516           | 20.358         | 657.874           |
| Mosfellsbær    | 4,41%       | 896.792           | 1.345.189         | 42.956         | 1.388.145         |
| <b>SAMTALS</b> | <b>100%</b> | <b>20.335.430</b> | <b>30.503.145</b> | <b>974.067</b> | <b>31.477.212</b> |

\* Vextir reiknast tímabilið maí 2016 – jan 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

**Dæmi 3, 60% greidd í maí 2016 og 40% greidd í janúar 2017.**

| Sveitarfélag   | Skipting    | 60% maí 16        | 40% jan 17        | Vextir*        | Greitt jan 17     |
|----------------|-------------|-------------------|-------------------|----------------|-------------------|
| Reykjavík      | 57,71%      | 17.603.365        | 11.735.577        | 374.756        | 12.110.333        |
| Kópavogur      | 15,73%      | 4.798.145         | 3.198.763         | 102.147        | 3.300.910         |
| Hafnarfjörður  | 13,21%      | 4.029.465         | 2.686.310         | 85.783         | 2.772.093         |
| Garðabær       | 6,85%       | 2.089.465         | 1.392.977         | 44.482         | 1.437.459         |
| Seltjarnarnes  | 2,09%       | 637.516           | 425.010           | 13.572         | 438.582           |
| Mosfellsbær    | 4,41%       | 1.345.189         | 896.792           | 28.638         | 925.430           |
| <b>SAMTALS</b> | <b>100%</b> | <b>30.503.145</b> | <b>20.335.430</b> | <b>649.378</b> | <b>20.984.808</b> |

\* Vextir reiknast tímabilið maí 2016 – jan 2017. Vaxtaþrósentu miðast við almenna innlánsvexti sem SORPU standa til boða í sínum viðskiptabanka.

Einhverjar aðrar samsetningar má skoða en það er tillaga undirritaðs að 60% verði innheimt hjá sveitarfélögunum nú í maí 2016 og það sem af stendur verði gert upp í janúar 2017.

Virðingarfyllst,



Björn H. Halldórsson  
framkvæmdastjóri